



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð

Fundur nr. 279 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 6. apríl 2020 kl. 17:00. Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnað.
Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið utan auglýstrar dagskrár:

Víkurbraut 21A – Umsókn um stækkun lóðar.

Gísli Daníel Reynisson f.h. Mýrdælings ehf. sækir um heimild til stækkunar lóðarinnar Víkurbraut 21A, auðkenni 163283 um 30 metrar til suðurs og 21 metrar til austurs, í samræmi við framlögð gögn.

Verður liður 9 í fundargerð.

Frábrigðið samþykkt samhljóða

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

- 1. Hringtorg – gatnamót við Austurveg 16-20 – umsókn um framkvæmdaleyfi.**
Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi fyrir gerð hringtorgs á vegamótum við Sléttuveg, auk þess sem stefnt er að stefnugreiningu vegtenginga að Austurvegi 16-20, í samræmi við framlögð gögn.

Þar sem ekki náðist samkomulag við hlutadeigandi lóðarhafa um tillögu Vegagerðarinnar til bættis umferðaröryggis við Austurveg og Sléttuveg, leggur Skipulagsnefnd það til að stútur úr hringtorgi til suðurs verði gerður en látinn bíða eftir nýjum hjóðvegi og leitað verði annarra leiða til að aðgreina akstursleiðir á Austurvegi án þess að breikka veginn. A.ö.l. samþykkir Skipulagsnefnd framkvæmdaleyfið.

Samþykkt samhljóða

- 2. Sunnubraut 22 – Umsókn um stækkun lóðar.**
Orri Örvarsson sækir um heimild til stækkunar lóðarinnar Sunnubraut 22, auðkenni 229509 um 5 m til austurs, í samræmi við framlögð gögn.

Samþykkt samhljóða

- 3. Sunnubraut 22 – Umsókn um byggingarleyfi.**
Orri Örvarsson sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á einni hæð við Sunnubraut 22, í samræmi við framlögð gögn.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature on the left and several smaller ones on the right, some with initials like 'GF' and 'AF'.

Skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfið með fyrirvara um niðurstöður grenndarkynningar. Skipulags- og byggingafulltrúa falið að ljúka málinu.

4. Víkurbraut 21 - Umsókn breytingu á lóð.

Vala Hauksdóttir f.h. Kötluseturs sækir um breytingu á lóð og byggingarreit fyrir Halldórsbúð við Víkurbraut 21, í samræmi við framlögð gögn.

Skipulagsnefnd leggur til að Halldórsbúð verði færð til austurs um tvo metra og til norðurs um tvo metra frá fram lögðum teikningum í fundargögnum.

Samþykkt samhljóða.

5. Pétursey 2 – Deiliskipulagstillaga.

Tekin fyrir athugasemd frá Skipulagsstofnun.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu þar til umsækjandi hefur brugðist við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Samþykkt samhljóða

6. Skeiðflöt - Deiliskipulagstillaga.

Lögð er fram til samþykktar tillaga að deiliskipulagi vegna Skeiðflatar eftir að brugðist hefur verið við athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna þar sem brugðist hefur verið við athugasemdum ofangreindra umsagnaradila.. Skipulags- og byggingafulltrúa falið að ljúka málinu.

Samþykkt samhljóða

7. Norður-Foss – Breyting á deiliskipulagi.

Lögð er fram til samþykktar breyting á deiliskipulagi á Norður-Fossi eftir að brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna þar sem brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar. Skipulags- og byggingafulltrúa falið að ljúka málinu.

Samþykkt samhljóða

8. Mýrarbraut 13 – Breyting á deiliskipulagi.

Lögð er fram til samþykktar breyting á deiliskipulagi á Mýrarbraut 13.

Um er að ræða stækkun skipulagssvæðis og byggingarreits.

Skipulagsnefnd telur kaflann um lýsingu deiliskipulags vera óþarflega takmarkandi og ekki samkvæman sjálfum sér og leggur til að honum verði breytt. Skipulags- og byggingafulltrúa falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða

9. Víkurbraut 21A – Umsókn um stækkun lóðar.

Gísli Daníel Reynisson f.h. Mýrdælings ehf. sækir um heimild til stækkunar lóðarinnar Víkurbraut 21A, auðkenni 163283 um 30 metrar til suðurs og 21 metrar til austurs, í samræmi við framlögð gögn

Óðinn Gíslason víkur af fundi


Þar sem umrætt svæði sem sótt er um til stækkunar er ekki inni á skipulagi getur nefndin ekki orðið við umsókninni. Skipulagsfulltrúa falið að hefja vinnu við deiliskipulag.

Óðinn Gíslason kemur aftur inn á fundinn.


Fundi slitið klukkan 19:40




Drífa Bjarnadóttir



Guðrún Hildur Kolbeins




Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselú



Jónas Erlendsson

